

Nd. 393. Frumvarp til laga [182. mál]
um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Verksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignaskatti og landsútsvari samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga, 17. gr., er lagt til, að sementsverksmiðjan greiði landsútsvar, og einnig felst það í II. kafla þess frumvarps, að fyrirtækið gjaldi fasteignaskatta til sveitarfélaga. Þykir heppilegt að breyta lögum um sementsverksmiðju til samræmis við greind ákvæði frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Um vatnsskatt, holræsagjöld, gangstéttargjald eða önnur slík gjöld gildir að sjálfsögðu sama og um fasteignaskatta.

Um álagningu gjalda á árinu 1962 fer samkvæmt því, er segir í frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.